

Miðvikudaginn 28. október 1959.

Nr. 42/1959. **Þorvaldur Jónasson** (Gunnar A. Pálsson hrl.)  
 gegn  
**Elísabetu Sigurðardóttur**  
 (Hörður Ólafsson hdl.)  
 og gagnsök.

**Dómenndur:**

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson  
 og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Einar  
 Arnalds borgardómari.

Skiptamál. Greiðsla opinberra gjalda við skipti á félagsbúi  
 hjóna.

**Dómur Hæstaréttar.**

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur  
 kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með  
 stefnu, dags. 3. marz 1959, og krafizt þess:

1. að greiðsla þinggjalds aðilja 1957 fari þannig fram, að  
 kr. 14.597,57 greiðist af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr.  
 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda,
2. að greiðsla útsvars aðilja 1957 fari þannig fram, að kr.  
 9.806,00 greiðist af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr.  
 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda,
3. að þær kr. 39.153,00, sem aðaláfrýjandi hafi greitt í tekju-  
 skatt og útsvar árin 1954, 1955 og 1956 af sértekjum gagn-  
 áfrýjanda, án þess að neitt kæmi þar á móti, verði dregn-  
 ar frá búshluta gagnáfrýjanda og bætt við búshluta aðal-  
 áfrýjanda,
4. að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða aðaláfrýjanda  
 málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati  
 dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júlí 1959,  
 áfrýjað málinu með stefnu 16. s. m. og krafizt þess:

1. að krafa Trésmiðjunnar h/f, kr. 36.274,60, þinggjöld 1957,

- er hún hefur innt af hendi fyrir aðilja, verði greidd af óskiptum eignum félagsbús aðilja,
2. að krafa bæjarsjóðs Reykjavíkur, kr. 24.370,00, verði einnig greidd af óskiptum eignum,
  3. að gagnáfrýjandi verði sýknaður af kröfu aðaláfrýjanda um greiðslu kr. 39.153,00,
  4. að réttarfarssekt verði dæmd á hendur aðaláfrýjanda og málflytjanda hans fyrir ósæmileg ummæli í málsskjölum,
  5. að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Hinn 29. júlí 1958 veitti dómsmálaráðuneytið aðiljum máls þessa leyfi til skilnaðar að borði og sæng.

### *1. Um þinggjald aðilja 1957.*

Af þinggjaldi aðilja 1957 falla samkvæmt óvefengdum reikningi kr. 14.597,57 á tekjur, sem aðaláfrýjandi aflaði, og kr. 21.667,03 á tekjur gagnáfrýjanda. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt, skulu því kr. 14.597,57 greiðast af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

### *2. Um útsvar aðilja 1957.*

Af útsvari aðilja 1957 koma samkvæmt óvefengdum reikningi kr. 9.806,00 á tekjur, sem aðaláfrýjandi aflaði, og kr. 14.564,00 á tekjur gagnáfrýjanda. Samkvæmt 57. gr. laga nr. 20/1923, um réttindi og skyldur hjóna, sbr. 31. gr. laga nr. 66/1945, um útsvör, skulu því kr. 9.806,00 greiðast af búshelmingi aðaláfrýjanda og kr. 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

### *3. Um tekjuskatt og útsvar aðilja árin 1954, 1955 og 1956.*

Aðaláfrýjandi kveðst hafa greitt kr. 39.153,00 í skatt og útsvar ár þessi vegna tekna gagnáfrýjanda og eiga því endurheimtucröfu á gagnáfrýjanda fyrir nefndri fjárhæð.

Gagnáfrýjandi telur hins vegar, að hún hafi lagt fram af tekjum sínum hlutfallslega til greiðslu þessara skatta.

Þar sem eigi tíðkast almennt, að makar krefjist kvittunar hvor af öðrum, þá er þeir leggja fram fé til greiðslu á sameiginlegum skuldbindingum, og þar sem aðaláfrýjandi hefur eigi leitt líkur að því, að hann hafi árangurslaust krafið gagnáfrýjanda, er hann innti nefnda skatta af hendi, þykir varhugavert að hrinda fullyrðingum gagnáfrýjanda um, að hún hafi greitt sinn hluta af þeim til aðaláfrýjanda. Verður krafa aðaláfrýjanda um þenna lið því eigi til greina tekin, og ber að staðfesta úrskurð skiptaráðanda um hann.

Eftir úrslitum málsins er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 3.500,00.

Rétt er að staðfesta ómerkingarákvæði hins áfrýjaða úrskurðar á ummælum talsmanns aðaláfrýjanda, Gunnars A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, um gagnáfrýjanda. Auk þess verður eigi komiðt hjá því að dæma lögmanninum sekt til ríkissjóðs samkvæmt 5. tölulið 188. gr. laga nr. 85/1936 fyrir ummælin. Þykir sektin hæfilega ákveðin kr. 500,00, og komi 2 daga varðhald í stað hennar, ef hún greiðist eigi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

### Dómsorð:

Þingjald aðilja árið 1957 greiðist með kr. 14.597,57 af búshelmingi aðaláfrýjanda, Þorvalds Jónassonar, og með kr. 21.667,03 af búshelmingi gagnáfrýjanda, Elisabetar Sigurðardóttur.

Útsvar aðilja árið 1957 greiðist með kr. 9.806,00 af búshelmingi aðaláfrýjanda og með kr. 14.564,00 af búshelmingi gagnáfrýjanda.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um endurgjaldskröfu aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 3.500,00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Málflutningsmaður aðaláfrýjanda, Gunnar A. Pálsson hæstaréttarlögmaður, greiði 500,00 króna sekt í ríkis-

sjóð, og komi 2 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist eigi, áður en 4 vikur eru liðnar frá birtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 13. febrúar 1959.

Hinn 7. og 9. nóvember 1957 fór fram uppskrift á félagsbúi hjónanna Elísabetar Sigurðardóttur og Þorvalds Jónssonar, Hjallavegi 10 hér í bænum, vegna væntanlegs hjónaskilnaðar. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út samkvæmt ósk aðilja hinn 15. janúar 1958 og birt síðast í Lögbirtingablaðinu 1. febrúar 1958.

Eftirtöldum kröfum hafði verið lýst í búið, og verða þær endanlega svo sem hér segir:

1. Fasteignaskattur o. fl. 1958 af Hjallavegi 10 .. kr. 1.027,00
2. Veðdeild Landsbanka Íslands ..... ca. — 4.779,97
3. Bæjarsjóður Reykjavíkur, lögtak f. útsvari 1957 — 24.370,00
4. Sigurgeir Sigurjónss. v/Trésm. h/f f. þinggj. .. — 36.274,60
5. Þinggjald 1958 ..... — 7.410,00
6. Útsvar 1958 ..... — 13.010,00
7. Kristinn Tryggvason ..... — 1.560,00
8. Guðjón Hólm v/Jóns Sigurðssonar ..... — 20.388,50

Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 24. september 1958, komu þegar fram mótmæli af hálfu mannsins gegn því, að þessar skuldir allar yrðu greiddar úr búinu af óskiptu, og taldi hann, að krafan undir nr. 8 hér að ofan ætti eingöngu að greiðast af búshelmingi konunnar. Þá hélt hann því og fram, að konan ætti ein að greiða hluta af kröfunum undir nr. 3 og 4, og enn fremur ætti konan að endurgreiða manninum greidd útsvör og skatta fyrir hana á árunum 1954, 1955 og 1956. Á skiptafundi í búi þessu, sem haldinn var 16. október 1958, féllst umboðsmaður konunnar á það, að af hennar búshelmingi einum mætti greiða kröfuna, sem getur hér á undan undir nr. 8. Svo sem fram kemur í skiptafundargerð þessari, er ágreiningur aðilja þá um eftirtaldar kröfur:

1. Sigurgeir Sigurjónss. v/Trésm. h/f f. þinggj. 1957 kr. 36.274,60
2. Útsvar 1957, bæjargjaldkerinn í Rvík ..... — 24.370,00
3. Krafa mannsins fyrir greidd gjöld konunnar 1954  
—1956 ..... — 39.153,00

Var á þessum skiptafundi ákveðið að taka ágreining þennan fyrir í sérstöku máli.

Eftir að aðiljar höfðu skilað greinargerðum í máli þessu, fór fram munnlegur málflutningur um ágreining þenna 29. f. m., og voru endanlegar kröfur aðilja þá þessar:

Sóknaraðili krafðist þess, að hinar lýstu kröfur undir nr. 1 og 2 hér á undan yrðu greiddar af félagsbúinu óskiptu og að eigi yrði tekin til greina krafa mannsins undir nr. 3 um endurgreiðslu á opinberum gjöldum af búshelmingi konunnar.

Varnaraðili krefst þess aftur á móti:

- 1) að greiðsla þinggjalds 1957 fari þannig fram, að af búshelmingi mannsins greiðist kr. 14.597,57 og af búshelmingi konunnar kr. 21.677,03,
- 2) að greiðsla útsvars 1957 fari þannig fram, að af búshelmingi mannsins greiðist kr. 9.806,00 og af búshelmingi konunnar kr. 14.564,00,
- 3) að þær kr. 39.153,00, sem maðurinn hafi greitt í tekjuskatt og útsvör árin 1954—1956 incl. af sértekjum konunnar með sínum tekjum og án þess, að neitt kæmi þar á móti, verði dregnar frá búshluta konunnar og bætt við búshluta mannsins.

Þá hafa aðiljar hvor um sig krafizt málskostnaðar.

Því hefur verið haldið fram af hendi konunnar, að ekki væri nema eðlilegt og sjálfsagt, að skattar og gjöld væru lagðir á sameiginlegar tekjur þeirra hjóna, enda í samræmi við gildandi lög. Konan hafi haft tekjur utan heimilisins, en þær hafi gengið til heimilishaldsins, til matarkaupa auk vinnu við nauðsynleg heimilisstörf, þvotta og annars, sem gera þurfti, og hafi hún eytt frítíma sínum til þessara hluta. Telur hún því einsætt, að greiða beri þinggjald það og útsvar frá árinu 1957, sbr. 1. og 2. ágreiningslið, af sameiginlegum eignum búans. Þá telur hún, að engin rök liggi að því, að hún endurgreiði manninum af sínum búshelmingi greidd gjöld frá árunum 1954—1956 incl., enda hafi hún aldrei haft ástæðu til að ætla, að slík krafa kæmi fram.

Af hálfu mannsins hefur því verið haldið fram í greinargerð, að konan ætti ca. kr. 300.000,00 auk lands í Ameríku, sem ekki hafi komið inn í búið, og beri henni því enginn hlutur úr búi þessu. Engar sannanir hafa komið fram fyrir þessari staðhæfingu, og verður hún því ekki tekin til greina, enda kom þessi krafa ekki fram við munnlegan málflutning, og má því ætla, að fallið sé frá henni.

Krafa sú, er gerð var við munnlegan flutning málsins af hálfu

mannsins, byggist á útreikningi Skattstofu Reykjavíkur, réttarskjali nr. 7, þar sem sundurliðað er, hver hefði verið tekjuskattur og útsvar hvors hjónanna um sig á árunum 1954—1958 incl., hefði verið lagt á tekjur þeirra hvors um sig í hlutfalli við sameiginlegar tekjur þeirra, en þar við bætist síðan hlutfallslegur áfallinn kostnaður.

Varðandi tvo fyrstu töluliðina telur varnaraðili rétt, að aðiljar greiði þar greindar fjárhæðir hvort af sínum búshelmingi, en það eru skattar og útsvör, á lögð 1957, auk dráttarvaxta og kostnaðar, en þriðja liðinn, skatt og útsvar, á lagt á tekjur konunnar, sem maðurinn hafi greitt af eigin tekjum árin 1954—1956 incl., telur hann, að eigi að endurgreiða honum af búshelmingi hennar.

Þessar kröfur byggir varnaraðili á því, að konan hafi haft miklar sértekjur, sem eigi hafi gengið í heimili hjónanna nema að mjög litlu leyti, og sé því bæði rétt og sanngjarnt, að hún greiði ein tekjuskatt og útsvar af tekjum sínum.

Mjög litlar upplýsingar liggja fyrir í máli þessu, enda hafa aðiljar færzt undan að afla frekari gagna, sem vel má vera, að ekki sé unnt, og þá hafa aðiljar og ekki sjálfir mætt hér fyrir rétti, þótt bent væri á, að það væri æskilegt. Af réttarskjali nr. 7 verður séð, að konan hefur haft sjálf verulegar tekjur þau árin, sem þar greinir, en hversu mikið af launum aðiljanna hvors um sig hefur gengið í sameiginlegt bú þeirra, verður ekki séð, en ætla verður, að það hafi ekki valdið ágreiningi milli þeirra, enda verður séð af skattskýrslum mannsins, sem liggja fyrir í sambandi við skilnaðarmálið, að hann hefur árlega gefið upp tekjur konu sinnar ásamt tekjum sínum. Leyfi aðilja til skilnaðar liggur ekki fyrir í þessu máli, en af framtalsskýrslu mannsins frá árinu 1957, sem fyrir liggur í skilnaðarmálinu, verður séð, að hann hefur sjálfur talið fram sameiginlegar tekjur þeirra, enda verður ekki annað séð en að þau hafi haft óskiptan fjárhag í hjónabandinu.

Af því, sem hér hefur verið sagt, þykir verða að taka kröfu konunnar til greina, og verður því skattur og útsvar frá árinu 1957 greiddur af búinu óskiptu, og þá verður ekki heldur af sömu ástæðum tekin til greina endurgreiðslukrafa mannsins af búshelmingi konunnar á gjöldum ársins 1954—1956 incl.

Eftir kröfu sóknaraðilja þykir rétt að ómerkja eftirtalin meiðandi ummæli umboðsmanns varnaraðilja í fram lagðri greinargerð á réttarskjali 5 7. janúar 1959:

„Þegar Elísabet var komin á Völlinn, fór um hana eins og fleiri íslenzkar konur, að hún hóf að leggja lag sitt við Ameríkana meira en góðu hófi gegndi, þótt grunlaus væri umbjóðandi minn lengi um það.“

„Í þessu herbergi dvaldi svo til á hverri nóttu hjá henni Ameríkani, að nafni Arthur H. Brown, yfirmatreiðslumaður í svokölluðum officerklúbb á Keflavíkurflugvelli.“

„— — sbr. það, að hún hefur verið staðin að smygli út af Vellinum.“

„— — Hefur hann þannig verið hreinn þræll konu sinnar undanfarin ár samtímis því, að hún hefur brotið gegn honum með óheimilli sambúð við amerískt aðskotadýr og með því að safna tekjum sínum og ráðstafa þeim óskertum handa sér einni — —.“

Eigi þykir næg ástæða til að úrskurða sekt á hendur umboðsmanni varnaraðilja fyrir ofangreind ummæli.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Því úrskurðast:

Þinggjald aðilja og útsvar 1957 ásamt dráttarvöxtum og kostnaði greiðist af félagsbúinu óskiptu.

Endurgjaldskrafa mannsins á hendur konunni verður ekki tekin til greina.

Ofangreind meiðandi ummæli eru ómerkt.

Málskostnaður fellur niður.

---